

Gagnstefndu greiði in solidum gagnstefnendum kr. 130.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. janúar 1979.

Nr. 78/1978. **Ákærvaldið**  
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
 gegn  
**Hilmari Haraldssyni**  
 (Páll S. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Banaslys. Brot gegn umferðarlögum.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Ákærði var sviptur ökuskírteini sínu þegar eftir uppsögu héraðsdóms 24. júní 1977.

Háttsemi ákærða varðar hann refsingu, svo sem greinir í héraðsdómi, þó svo, að ákvæði 1. málsg. 26. gr. laga nr. 40/1968 verður ekki beitt. Staðfesta ber refsíákvörðun héraðsdóms, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Rétt þykir, að ákærði sæti sviptingu ökuleyfis í 2 ár frá 24. júní 1977 að telja. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, 80.000 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Refsíákvörðun héraðsdóms á að vera óröskuð, þó svo, að greiðslufrestur sektar er 4 vikur frá birtingu dóms

Þessa. Ákærði, Hilmar Haraldsson, sæti ökuleyfissviptingu í 2 ár frá 24. júní 1977. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. júní 1977.

Ár 1977, föstudaginn 24. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómsara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 347/1977: Ákærvaldið gegn Hilmari Haraldssyni, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 24. nóvember sl., á hendur ákærða, Hilmari Haraldssyni vélstjóra, Goðalandi 13 í Reykjavík, fæddum 2. september 1935 á Hólma-vík.

Samkvæmt ákæruskjalinu er ákærða gefið eftirfarandi að sök: „Sunnudaginn 22. ágúst 1976 ók ákærði bifreið sinni eftir þjóðveginum í Helgafellssveit á Snæfellsnesi. Á hæðarbrún á móts við bæinn Hraunháls rakst bifreið ákærða með miklu afli beint framan á bifreiðina P 52, sem á móti kom og í voru hjónin Jón Ísleifsson og Freyja Finnsdóttir, Laufásvegi 5 í Stykkishólmi, sem létust samstundis.

Ákærði hélt bifreið sinni vinstra megin við vegarmiðju, ók of hratt miðað við aðstæður allar og sýndi að öðru leyti af sér óaðgæslu með framangreindum afleiðingum.

Þykir þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 45. gr., 1. mgr. 47. gr., 1., 2., e og h liði 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 1. nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga“.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 22. ágúst sl., klukkan 1757, var hringt til Gunn-

leifs Kjartanssonar, lögregluþjóns í Stykkishólmi, og honum tilkynnt um umferðarslys, sem átt hafði sér stað á þjóðveginum skammt frá bænum Hraunhálsi í Helgafellssveit á Snæfellsnesi.

Gunnleifur lögregluþjónn fór á vettvang, og samkvæmt skýrslu hans var hann kominn þangað klukkan 1812, en u. þ. b. tveim mínútum síðar kom á vettvang Hafsteinn Sigurðsson lögregluþjónn ásamt tveim læknum.

Árekstur hafði orðið á milli fólksbifreiðanna R 49244, af Ford Maverick gerð, sem ekið var suður þjóðveginn, og P 52, af Ford Cortina gerð, sem ekið var gagnstæða stefnu. Í bifreiðinni P 52 voru hjónin Jón Ísleifsson, fæddur 26. júní 1903, og Freyja Finnsdóttir, fædd 11. júlí 1922, til heimilis að Laufásvegi 5 í Stykkishólmi. Voru þau bæði látin, þegar lögregluþjónarnir komu á vettvang, og samkvæmt umsögn annars læknisins höfðu þau látist samstundis, er áreksturinn varð. Þá voru báðar bifreiðarnar mjög mikið skemmdar að framan.

Ákærði, Hilmar Haraldsson, ók bifreiðinni R 49244, og auk hans voru í henni eiginkona hans, Helga Jónsdóttir, og börn þeirra, Hafsteinn Þór, 18 ára, og Ingibjörg, 10 ára. Þau voru öll flutt á sjúkrahús Stykkishólms. Að sögn annars læknanna voru feðgarnir með smávægilegan hálsríg, en mæðgurnar höfðu marist á báðum fótum. Þá var Helga með taugaáfall.

Jón heitinn hafði ekið bifreiðinni P 52 og Freyja heitin setið við hlið hans. Hafsteinn Þór hafði setið í framsæti bifreiðarinnar R 49244 og mæðgurnar í aftursæti hennar.

Feðgarnir höfðu verið með spent öryggisbelti.

Þegar lögregluþjónarnir komu á vettvang, var sprungið á vinstri afturhjólarða bifreiðarinnar R 49244. Þar sem slysið átti sér stað, er blindhæð, en sitt hvorum megin við hæðina eru umferðarmerki með áletruninni blindhæð. Voru 95 metrar frá slíku merki að bifreið ákærða, en 89 metrar að bifreiðinni P 52.

Á slystað voru hemlaför eftir báðar bifreiðarnar, og voru þau mun lengri eftir bifreiðina R 49244. Samkvæmt vettvangsupprætti eru hemlaförin eftir báðar bifreiðarnar á sama vegarhelmingi, eða á hægri vegarhelmingi bifreiðarinnar P 52. Hefur bifreiðin R 49244 því verið á öfugum vegarhelmingi allt frá því að henni var hemlað. Samkvæmt upprættinum mældust hemlaför bifreiðarinnar R 49244 tæpir 16 metrar að vinstra afturhjóli, en rúmir 17½ meter að hægri afturhjóli. Hemlaför bifreiðarinnar P 52 mældust um 8 metrar frá framenda hennar, en ætla

má, að bifreiðin hafi kastast aftur við áreksturinn. Samkvæmt uppdrettinum virðist vegurinn á slysstað nálægt 6 metrum á breidd.

Gunnleifur lögregluþjónn yfirheyrði ákærða klukkan 1950 um kvöldið, og sagðist honum svo frá:

„Ég ók bifreið minni, R 49244, suður þjóðveginn með ca 30—40 mílna hraða miðað við klst. Ég var að benda syni mínum, sem sat við hlið mér í framsæti, á Berserkjahraun, sólskin var þessa stundina og veður þurrt. Þegar ég kom á hæðina skömmu áður en áreksturinn varð, sá ég til ferða bifreiðar, sem reyndist vera P 52, og virtist mér bifreiðinni vera ekið talsvert hratt á vinstri vegarhelmingi miðað við akstursstefnu. Ég steig strax á hemlana á bifreið minni, en við það snérist bifreið mín talsvert mikið til vinstri, og skömmu seinna skullu bifreiðarnar saman“.

Ákærði skýrði svo frá í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, sem hann hefur staðfest í dómi, að honum hafi fundist bifreiðin P 52 lenda út í lausamöl í beygju, sem er fyrir neðan hæðina, og hafi ökumaðurinn þá beygt til vinstri yfir á vegarhelming ákærða. Rétt áður en áreksturinn varð, hafi ökumaðurinn síðan beygt til hægri miðað við stefnu sína, en svo til um leið hafi áreksturinn orðið.

Við áreksturinn hentust farþegar ákærða til, og mæðgurnar hentust fram og klemmdust á milli sætanna. Þá klemmdust hurðirnar, svo að erfitt var um vik að opna þær. Strax og ákærði hafði aðstoðað fólk sitt, fór hann að hinni bifreiðinni og sá þá, að ekkert var hægt að gera fólkinu til bjargar. Sendi ákærði son sinn þegar á sveitabæ í nánd og bað hann að biðja um lögreglu og sjúkralið og segja, að þarna hefði orðið mjög alvarlegt slys. Segir ákærði, að lögreglan hafi komið tiltölulega fljótt á vettvang.

Ákærði kvað bifreiðina hafa verið í góðu lagi og hjólbarða svo til nýja. Ekki hafði ákærði fundið til þess fyrir slysið, að loftþrýstingur í hjólbarða væri farinn að minnka.

Ákærði skýrir svo frá fyrir dómi, að greindan dag, um kl. 1745, hafi hann ekið bifreið sinni, R 49244, eftir þjóðveginum skammt frá bænum Hraunhálsi í Helgafellssveit og verið á leið frá Búðardal og Hólmavík til Ólafsvíkur.

Skömmu áður en ákærði kom að blindhæð, sem er rétt áður en komið er að Hraunhálsvegi, sá hann bifreið handan hæðar-

innar hverfa ofan í lægð hinum megin við hæðina. Ákærði kveðst hafa verið hægra megin á veginum miðað við akstursstefnu sína, þegar hann kom upp á blindhæðina. Kveðst ákærði þá hafa séð, að eitthvað var athugavert við akstur hinnar bifreiðarinnar, en henni var ekið á öfugum vegarhelmingi. Kveðst ákærði þá hafa hemlað og ósjálfrátt snúið stýrinu til vinstri. Jafnframt aðvaraði hann farþegana, þar sem hann sá, að árekstur var óumflýjanlegur, enda skullu bifreiðarnar saman rétt í sömu andrá.

Ákærði telur sig hafa verið langt innan við lögleyfðan hámarkshraða, er hann kom upp á blindhæðina, þar sem hann vissi af hinni bifreiðinni handan hennar og átti von á að mæta henni eftir örskamma stund.

Ákærði telur sig hafa verið yst til hægri í hjólförunum, sem voru í veginum yfir hæðina, áður en hann byrjaði að hemla, en var ekki úti í lausamölinni hægra megin við hjólförin. Telur ákærði, að bifreiðarnar hefðu getað mæst með eðlilegum hætti, hefði hin bifreiðin verið yst á sínum vegarhelmingi.

Vitnið Hafsteinn Þór Hilmarsson nemandi, Goðalandi 13 í Reykjavík, sonur ákærða, hefur komið fyrir dóminn, og óskaði vitnið ekki eftir að nota undanþágurétt sinn til vitnisburðar.

Vitnið kveðst hafa setið í framsæti við hlið ákærða og verið að fylgjast fyrst og fremst með landslaginu. Ekki getur vitnið fullyrt um, hver hafi verið hraði bifreiðarinnar, er hún kom upp á blindhæðina, en telur, að hann hafi verið 45—60 km. Þá kveðst vitnið ekki hafa tekið eftir því nákvæmlega, hvar bifreiðin var staðsett á veginum, þegar hún ók yfir hæðina, en telur, að hún hafi verið í hjólförum vegarins og þá ívið til hægri úti í lausamölinni, sem var hægra megin á veginum. Telur vitnið, að bifreiðin hafi verið réttum megin við miðlínu vegarins, en þó nálægt henni vegna lausamalarinnar á hægri hluta vegarins.

Vitnið er ekki öruggt á því, hvort það sá til bifreiðarinnar, sem kom á móti, þegar bifreið vitnisins átti stutt ófarið upp á blindhæðina. Samt finnst vitninu, að það hafi orðið vart við bifreiðina þá. Vitnið kveðst hins vegar ekki hafa tekið eftir bifreiðinni, svo öruggt sé, fyrr en ákærði kallaði upp eitthvað á þá leið, að farþegarnir skyldu gæta sín, en þá sá vitnið bifreiðina, sem kom á móti, og fannst hún vera að sveigja yfir á öfugan vegarhelming, eins og ökumaðurinn væri að sveigja fram hjá holum í veginum. Um leið og vitnið sá bifreiðina, steig ákærði á hemlana, en engum togum skipti, að bifreiðarnar skullu saman. Vitnið

starði á bifreiðina, sem kom á móti, og tók því ekki eftir, hvort ákærði sveigði til vinstri, um leið og hann hemlaði.

Vitnið Helga Jónsdóttir húsmóðir, eiginkona ákærða, hefur komið fyrir dóminn, og óskaði vitnið ekki eftir að nota undanþágurétt sinn til vitnisburðar.

Vitnið kveðst hafa setið í aftursætinu ásamt dóttur þeirra hjóna. Fylgdist það ekkert sérstaklega með akstrinum, þar sem það var að skoða landslagið. Vitnið fann þó, að ekið var á eðlilegum hraða, og virtist bifreiðinni ekið eins og vani er úti á þjóðvegum, í hjólförum vegarins. Ekki sá vitnið bifreiðina, sem á móti kom, fyrr en eftir að þær voru skollnar saman, og hið fyrsta, sem vitnið heyrði um yfirvofandi hættu, var það, að ákærði kallaði upp: „Hvað ætlar maðurinn að gera? Passið þið ykkur“. Um leið hemlaði ákærði bifreiðinni. Vitnið hentist fram, og bifreiðarnar skullu saman.

Vitnið Sveinbjörn Ólafur Ragnarsson verkamaður, Hraunhálsi í Helgafellssveit, hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að það hafi verið að slá með dráttarvél á túninu á Hraunhálsi rétt við þjóðveginn, þegar það sá bifreiðina P 52 aka norður þjóðveginn. Vitninu fannst bifreiðinni ekið fremur hægt, og ímyndar vitnið sér, að hún hafi verið á 40—50 km hraða. Fullyrðir vitnið, að óhugsandi sé, að bifreiðinni hafi verið ekið mikið hraðar. Vitnið segir, að bifreiðin hafi verið nálægt miðju vegarins, en þó fremur á sínum rétta vegarhelmingi. Vitnið leit af bifreiðinni og sá hana aka fram hjá. Rétt á eftir heyrði vitnið smáskell og sá, að árekstur hafði orðið, að vitnið telur 200—300 metra í burtu.

Vitnið Þorlákur Halldór Arnórsson kaupmaður, Blönduhlíð 25 í Reykjavík, kom á slysstað. Vitnið skýrir svo frá fyrir dómi, að u. þ. b. stundarfjórðungi áður en það kom á slysstað, hafi það orðið vart við brúna bifreið á undan bifreið, sem sonur vitnisins ók frá Grundarfirði áleiðis að Kerlingarskarði. Var bifreiðin, sem vitnið var í, á 45—50 mílna hraða, en hin bifreiðin í fyrstu 200—300 metra á undan. Eftir nokkra stund dró í sundur með bifreiðunum, og hvarf brúna bifreiðin vitninu sjónum. Vitnið kveðst ekki hafa séð númer bifreiðarinnar, en taldi þetta vera bifreiðina P 52, sem það sá á slysstaðnum. Brúna bifreiðin hvarf þó vitninu sjónum nokkuð langan tíma.

Vitnið er nær öruggt á því, að ekki hafi getað verið um aðra bifreið að ræða en bifreiðina P 52. Vitnið getur þó ekki sagt, af hvaða tegund sú bifreið var, sem það sá aka á undan sér.

Vitnið sá ekki, hvort brúnu bifreiðinni var ekið á réttum eða röngum vegarhelmingi eða á miðjum veginum.

Vitnið Þröstur Þorláksson lagermaður, Blönduhlíð 25 í Reykjavík, skýrir svo frá fyrir dómi, að það hafi ekið greindan dag frá Grundarfirði áleiðis til Reykjavíkur og komið á slysstað. Vitnið segir, að faðir þess hafi sagt því frá bifreið, sem var nokkuð á undan þeim og fannst henni ekið hratt. Sjálfst kveðst vitnið ekki hafa veitt þessari bifreið athygli eða séð hana. Var þetta um 15 mínútur áður en vitnið kom á slysstaðinn.

Vitnið Gunnleifur Kjartansson lögregluþjónn, Lágholti 6 í Stykkishólmi, hefur fyrir dómi skýrt frá því, að það hafi komið fyrst á vettvang þeirra þriggja lögregluþjóna, sem þangað komu. Voru þar þá fyrir vegfarendur úr þrem eða fjórum bifreiðum. Ekki var sjáanlegt, að þeir hefðu spillt hemlaförum eða öðrum verksummerkjum. Vitnið rannsakaði vettvang og gerði, eins og áður greinir, skýrslu um afskipti lögreglunnar af málinu, en uppdrátt af vettvangi gerði starfsbróðir þess. Vitnið hefur staðfest skýrslu sína fyrir dómnum og jafnframt að vettvangsuppdráttur sé réttur. Vitnið kveðst hafa mælt hemlaförin í félagi við Hafstein starfsbróður sinn. Vitnið segir, að ekki hafi verið sjáanleg nein ummerki á yfirborði vegarins eftir bifreiðarnar fyrir en hemlaförin.

Vitnið upplýsti, að vegurinn hafi verið nægjanlega breiður á slysstað, til þess að tvær bifreiðar gætu mæst þar, og lausamöl ekki svo mikil í vegköntunum, að erfitt hafi verið að aka út í hana.

Vitnið Hafsteinn Sigurðsson lögregluþjónn, Árnatúni 4 í Stykkishólmi, skýrir svo frá fyrir dómnum, að Gunnleifur hafi tilkynnt vitninu símleiðis um slysið. Sótti það þegar tvo lækna og sjúkrabörur og hélt á vettvang á sjúkrabifreið sýslunnar. Kom vitnið þangað rétt á eftir Gunnleifi, og var þá ekki farið að hreyfa við hinum látnu, sem voru bæði í sætum sínum. Ákærði og sonur hans voru fyrir utan bifreiðina, en eiginkona hans og dóttir þeirra voru í aftursæti bifreiðar sinnar.

Þegar þeir lögregluþjónarnir komu á vettvang, var eitthvað af vegfarendum komið þangað, en ekki sjáanlegt, að neinum ummerkjum um slysið hefði verið spillt. Var vegfarendum vísað frá, og eftir að vitnið hafði komið hinum slösuðu í sjúkrahús, kannaði vitnið sérstaklega vettvang og gerði uppdrátt af hon-

um. Staðfesti vitnið hann og skýringarnar við hann fyrir dóm-  
inum.

Vitnið segir, að ekki hafi verið hægt að sjá nein ummerki eftir  
bifreiðarnar á yfirborði vegarins fyrr en hemlaförin eftir þær.

Vitnið segir, að nægjanlegt pláss hafi verið á veginum fyrir  
bifreiðar til þess að mætast og hafi lausamöl í vegjöðrunum ekki  
verið meiri en svo, að auðvelt hafi verið að aka út í hana.

Vitnið lét taka ljósmyndir á vettvangi og gerði skýringar við  
þær. Hefur vitnið staðfest fyrir dómnum, að þær séu réttar.

Vitnið Þorsteinn Jónasson héraðslögregluþjónn, Ytri-Kóngs-  
bakka í Helgafellssveit, skýrir svo frá fyrir dómi, að það hafi  
komið á vettvang stuttu eftir hinum lögregluþjónunum tveim  
og aðstoðað við umferðarstjórn. Jafnframt gætti vitnið þess, að  
verksummerkjum á vettvangi yrði ekki spillt, á meðan rannsókn  
var ólokið.

Vitnið annaðist ekki sjálft rannsókn á vettvangi, en veitti  
hemlaförum bifreiðanna athygli. Staðfesti vitnið, að skýringarnar  
við uppdrátt og ljósmyndir væru réttar.

Vitnið segir, að lausamöl á veginum hafi ekki verið meiri en  
svo í vegjaðrinum, að auðvelt hafi verið að aka út í hana til þess  
að mætast.

Vitnið Friðrik Magnús Jónsson skipasmiður, Hafnargötu 9 í  
Stykkishólmi, tók ljósmyndir á vettvangi og staðfesti fyrir dóm-  
inum, að skýringar við þær væru réttar svo og skýringarnar við  
uppdráttinn.

Vitnið sá hemlaförin eftir bifreiðarnar og staðfestir, að sam-  
kvæmt þeim hafi bifreið ákærða verið á öfugum vegarhelmingi,  
þegar bifreiðarnar skullu saman, en hin bifreiðin nálægt miðju  
vegarins, en þó réttum megin.

Vitnið Njáll Þorgeirsson bifreiðaeftirlitsmaður, Laufásvegi 10  
í Stykkishólmi, skýrir svo frá fyrir dómnum, að það hafi skoðað  
báðar bifreiðarnar, þar sem þær voru geymdar í Stykkishólmi, og  
fór skoðunin fram daginn eftir slysið. Ekkert kom fram við  
skoðunina, sem benti til þess, að bilun í búnaði bifreiðanna hafi  
valdið slysinu. Bifreiðin P 52 var svo mikið skemmd, að ekki  
var hægt að skoða hana fullnægjandi í þessu tilliti, en ekkert  
kom fram við þá skoðun, sem fram fór, sem benti til þess, að  
öryggisbúnaði hennar hefði verið áfátt fyrir slysið. Þá var ekki  
hægt að sjá neitt, sem benti til þess, að skyndibilun hefði orðið  
í annarri hvorri bifreiðinni.

Lík beggja hinna látnu voru krufin, og hefur Jónas Hallgrímsson læknir gert skýrslu um krufningarnar. Í lok skýrslu hans um krufninguna á líki Jóns segir svo:

„Niðurstaða:

Við krufninguna fundust miklir áverkar. Mestur áverkni var á hjarta og aorta, og hafði aorta rifnað í sundur og blætt inn í bæði brjósthól. Einnig voru áverkar á andliti, og efri kjálki var mölbrotinn. Rif voru einnig flest brotin. Maðurinn mun hafa látist samstundis af áverkum sínum.

Blóð og þvag var sent til alkóhólmælingar og reyndist hvort tveggja neikvætt“.

Í niðurlagi skýrslu Jónasar um krufningu á líki Freyju segir svo:

„Niðurstaða:

Við krufninguna fundust miklir áverkar. Höfuðkúpa hafði losnað frá efsta hálslið og mænukólfurinn alveg marist sundur. Stóra bakæðin (aorta) hafði rifnað að mestu í sundur og hjartað sjálft rifnað. Konan hlýtur að hafa látist samstundis af þessum áverkum.

Blóð og þvag var sent til alkóhólmælingar í Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands, og var hvort tveggja neikvætt“.

Þrátt fyrir framburð ákærða er ósannað, að Jón heitinn hafi ekið á öfugum vegarhelmingi rétt fyrir slysið.

Ákærða bar að halda bifreið sinni yst til hægri á veginum og hægja ferðina verulega, þegar hann ók yfir hæðina, og halda bifreið sinni áfram vel til hægri á veginum og úti í lausamölinni, þar til hann hefði mætt bifreiðinni, og ekki síst þar sem hann hafði séð til ferða hennar, áður en hann kom upp á hæðina. Þetta gerði ákærði ekki.

Fram er komið af hálfu ákærða, að hann hafi verið hægra megin á veginum miðað við akstursstefnu sína, þegar hann kom upp á blindhæðina, og telur hann sig hafa verið yst til hægri í hjólförunum á veginum, áður en hann hemlaði, enda þótt auðvelt væri að aka út í lausamölinu samkvæmt framburði vitna þeirra, sem komu á vettvang, og staðfesta ljósmyndir það. Athugun á ljósmyndum af vettvangi sýnir, að hjólförin eru nálægt miðju vegarins, en þó ívið meira til vinstri miðað við akstursstefnu ákærða. Hefur ákærði því verið nálægt miðju vegarins, þegar hann að eigin sögn sveigði til vinstri. Sé rétt skýring ákærða á því, hvers vegna hann sveigði yfir á vinstri vegarhelming að

öllu leyti, verður að telja það allt að einu hafa verið óeðlileg viðbrögð hans.

Ljóst er af framburði ákærða sjálfs, að hann hélt ekki bifreið sinni eins langt til hægri á veginum og honum bar, en það var, eins og þegar er fram komið, auðvelt þrátt fyrir lausamöl. Þá þykja hemlafið bifreiðar ákærða sýna, að hann hafi ekið óhóflega hratt miðað við það, að hann ók yfir blindhæð og vissi af bifreið í nánd handan hennar.

Er því sannað, að ákærði ók of hratt, miðað við aðstæður, yfir hæðina. Þá er sannað, að ákærði var að öllu leyti vinstra megin við miðju vegarins miðað við akstursstefnu sína, þegar hann hemlaði, og sýndi samkvæmt framansögðu eigi næga aðgæslu við aksturinn með þeim afleiðingum, að bifreiðarnar skullu saman, og hjónin biðu þegar bana. Þessi háttsemi ákærða er rétt færð til refsíákvæða í ákærinni.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1956 30/11 Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1960 25/10 Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1963 20/8 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.

1964 23/6 Reykjavík: Sátt, 350 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.

1965 1/12 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1976 21/4 Reykjavík: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 10. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 54/1960.

Með framangreindri háttsemi sinni þykir ákærði hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 40 daga.

Þá þykir ákærði með akstri sínum hafa unnið sér til þess að verða sviptur ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæði því, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuréttindum í 3 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga

nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Hilmar Haraldsson, greiði 200.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 40 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 3 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur.

---

Föstudaginn 26. janúar 1979.

Nr. 125/1976. **Búnaðarsamband Eyjafjarðar**  
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)  
gegn  
**bæjarsjóði Akureyrar**  
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Aðstöðugjald. Lögtak.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Magnús Thoroddsen borgardómari.

Ásgeir Pétur Ásgeirsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 15. júní 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. maí s. á. Krefst hann, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framgang hins umbeðna lögtaks. Þá krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri